



## Erindi til sveitastjórnar Flóahrepps

Efni: Möguleg breyting á aðalskipulagi til stækkunar á svæði hestamannafélagsins Sleipnis

Sent til sveitarstjórnar 07. desember 2020

Fyrirhuguð er breyting á aðalskipulagi Árborgar sem felur í sér minnkun á athafnasvæði Sleipnis um 5.8ha og skerðir verulega framtíðar stækkunarmöguleika félagsins.

Miklar breytingar hafa átt sér stað á síðustu 20 árum hvað varðar aðbúnað hrossa og krafna iðkenda hestaþróttar til aðstöðu og rýmis til þjálfunar. Hesthús eru stærri og rúma færri hross en áður, reiðhallir eru nauðsynlegar til þjálfunar og keppni, þjálfunargerði eru nauðsynleg, svæði undir hestakerrur og keppnissvæði með aðstöðu fyrir áhorfendur er nauðsynlegt. Félagshesthús er á stefnuskrá félagsins til að styðja við tugi nýrra iðkenda í barna og unglिंगastarfi sem ekki hafa tækifæri til að stunda hestaþróttir nema með stuðningi félagsins. Reiðhöllin annar ekki lengur stækkandi hópi félagsmanna og er þörfin að byggja æfinga reiðhöll orðin brýn. Byggja þarf nýtt og stærra félagsheimili með tíð og tíma en allt kallar þetta á aukid landssvæði.

Stjórn Sleipnis óskar eftir fundi um möguleika á breytingu á Aðalskipulagi Flóahrepps til stækkunar á svæði félagsins til austurs frá því sem nú er, austan Gaulverjabæjarvegur.

F.h. Sleipnis:

Sigríður Magnea Björgvinsdóttir formaður

Steindór Guðmundsson varaformaður